



Umsókn um aðgang nemanda að þráðlausu gestanet í grunnskólum Kópavogs með eigin tækjabúnað

Ég, undirritað/undirritaður foreldri/forráðamaður, _____ kt. _____, veiti hér með samþykki mitt fyrir netnotkun barnsins, _____ kt. _____, á lóð skólans og staðfesti að ég hef kynnt barninu (hér eftir vísað til sem notanda) neðangreinda skilmála.

- 1.1 Foreldrar/forráðamenn veita þetta leyfi og bera fulla ábyrgð á öllum þeim búnaði sem notandi kemur með í skólann.
- 1.2 Notandi staðfestir umsókn þessa og ábyrgð sína með því að tengjast með þeim aðgangi sem honum er úthlutaður.
- 1.3 Hvorki Kópavogsbær né skólinn ber neina fjárhagslega ábyrgð vegna hugsanlegs tjóns sem gæti hlotist af notkunar á búnaðinum. Kópavogsbær og skólinn bera þannig enga ábyrgð ef búnaðurinn skemmist, týnist, sé stolið eða hverju öðru tjóni sem hann gæti orðið fyrir.
- 1.4 Starfsmenn viðkomandi skóla hafa ásamt starfsmönnum UT-deildar Kópavogsbæjar heimild til að taka búnaðinn í sína vörslu hvenær sem er og mega stýra notkun hans innan skólans.
- 1.5 Notendur bera sjálfir fulla ábyrgð á að vírusvarnarforrit séu á búnaði þeirra, séu uppfærð og í lagi.
- 1.6 Notendur bera sjálfir fulla ábyrgð á að uppfæra stýrikerfi búnaðar m.t.t. nýjustu öryggisuppfærslna.
- 1.7 Öll Internetnotkun á gestaneti skólans fer í gegnum Internetssíur bæjarins og er skráð.
- 1.8 UT-deild Kópavogs hefur eftirlit með netum bæjarins og áskilur sér rétt til að rjúfa tengingu búnaðar við Internetið ef vart verður um misnotkun á nettengingunni og/eða ef um miklar truflanir er að ræða vegna vírussmits.
- 1.9 Hvorki Kópavogsbær né skólinn getur talist ábyrgur fyrir tjóni vegna notkunar tölvunetsins eða niðritíma þess.

Upplýsingar um tæki/búnað sem nota skal

Tegund, framleiðandi og gerð tækis: _____
(t.d. sími, Samsung, Galaxy S4)

MAC-address: _____

Raðnúmer (serial number): _____

Einelti og öll önnur misnotkun á neti (s.s. niðurhal og dreifing á höfundavörðu efni) verður ekki liðin og áskilur Kópavogsbær sér rétt til þess að fjarlægja búnað tímabundið og grípa til ráðstafana ef vart verður um brot á þessum reglum á einhvern hátt.

Undirskrift notanda
Undirskrift foreldris/forráðamanns

Upplýsingar notenda	
Netfang	
Sími	
Upplýsingar foreldris/forráðamanns	
Netfang	
Sími	

Eftirfarandi útfyllist af skóla

Undirskrift skólastjóra	Tímabil leyfis



Reglur um aðgengi að þráðlausu gestaneti í grunnskólum Kópavogs vegna nota á eigin tæknibúnað

1. Aðgengi nemenda að interneti:

- 1.1 Nemendur geta fengið aðgang að internetinu með eigin tækjabúnað ef foreldrar og skóli meta að þörf sé á.
- 1.2 Foreldrar geta fyrir hönd barna sinna sótt um aðgang að internetinu með til þess gerðum samningi við skólann. Samningurinn er aðgengilegur á Torginu undir eyðublöð.
- 1.3 Foreldrar veita leyfi og bera ábyrgð á þeim búnaði sem börn þeirra koma með í skólann með því að undirskrifa samninginn.
- 1.4 Skólastjórar veita samþykki sitt fyrir notkun viðkomandi búnaðar með undirskrift á samningi.
- 1.5 Skrifstofa skólans tekur á móti samningi og opnar fyrir aðgang gegnum netumsjónarbúnað sem upplýsingatæknideild veitir aðgang að.
- 1.6 Aðgangur nemenda að netinu er alltaf tímabundinn og stendur lengst til loka skólagöngu nemandans. Notandanafn á alltaf að vera kennitala viðkomandi nemenda.

2. Tímabundið aðgengi að interneti:

- 2.1 Hægt er að sækja um aðgang að interneti fyrir gesti og starfsfólk með eigin búnað á sérstöku eyðublaði. Eyðublaðið er aðgengilegt á Torginu undir eyðublöð.
- 2.2 Skila þarf útfylltu eyðublaði til skrifstofu skólans, sem opnar fyrir aðgang gesta gegnum netumsjónarbúnað, sem upplýsingatæknideild veitir aðgang að.
- 2.3 Aðgangur gesta að netinu er alltaf tímabundinn, mest eitt misseri í senn.

3. Opnar þjónustur:

- 3.1 Opnað er út á internetið og eru eftirfarandi þjónustur m.a. leyfðar: Http, Https (t.d. Heimabanki), MSN og VPN.
- 3.2 Lokað er fyrir P2P þjónustur eins og Kaaza og BitTorrent.
- 3.3 UT-deild Kópavogs áskilur sér rétt til að loka á fleiri þjónustur til þess að tryggja betur hraða og öryggi netsins.

4. Vírusvarnir:

- 4.1 Notendur bera sjálfir fulla ábyrgð á að vírusvarnarforrit séu á búnaði þeirra, séu uppfærð og í lagi.
- 4.2 Notendur bera sjálfir fulla ábyrgð á að uppfæra stýrikerfi búnaðar m.t.t. nýjustu öryggisuppfærslna.

5. Eftirlit:

- 5.1 Öll internetnotkun á gestaneti Kópavogs fer í gegnum internetsíur bæjarins og er skráð.
- 5.2 UT-deild Kópavogs hefur eftirlit með gestanetinu og áskilur sér rétt til að rjúfa tengingu við internetið ef upp kemst um misnotkun á nettengingunni og/eða ef um miklar truflanir er að ræða vegna vírussmits.
- 5.3 Kópavogsbær getur á engum tímapunkti talist ábyrgur fyrir tjóni vegna notkunar tölvunetsins eða niðritíma þess.